

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1056
komudagur 13.2.2014

Reykjavík, 13. febrúar 2014

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Efni: Umsögn Máltækni­seturs um þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni (mál nr. 268 á 143. löggjafarþingi).

Máltækni­setur hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni. Stjórn Máltækni­seturs fagnar þessari tillögu og hvetur eindregið til þess að hún verði samþykkt.

Allt frá stofnun árið 2005 hefur Máltækni­setur unnið að því að auka þekkingu og skilning almennings og stjórnvalda á máltækni og mikilvægi hennar fyrir framtíð íslenskrar tungu, jafnframt því að vinna að ýmsum rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði máltækni. Um þessar mundir eru engin slík verkefni í gangi svo að stjórninni sé kunnugt.

Það er mjög mikilvægt að tryggja áframhaldandi uppbyggingarstarf á þessu sviði hér á landi, bæði til að nýta þá þekkingu og kunnáttu sem hefur verið byggð upp og til að koma í veg fyrir að íslenskan dragist enn lengra aftur úr öðrum Evrópumálum í máltækni­legu tilliti. Áriðandi er að gera markvissa áætlun um slíkt uppbyggingarstarf og fylgja þeirri áætlun síðan eftir í verki með öflugum stuðningi við íslenska máltækni og íslenska tungu.

F.h. stjórnar Máltækni­seturs

Eiríkur Rögnvaldsson
formaður
eiríkur@hi.is